

**M-16/2012. Álit 31. maí 2012.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 31. maí 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-16/2012.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 29. febrúar 2012 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur bifreiðina verið haldna göllum og krefst aðallega riftunar á samningi en til vara að seljandi beri þann viðgerðarkostnað sem hlýst við að skipta um sjálfskiptingu á bifreiðinni.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 6. mars 2012, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 28. mars. Hinn 2. apríl voru álitsbeiðanda send andsvörin til upplýsinga og bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andvaranna. Ekki bárust svör eða frekari gögn frá álitsbeiðanda.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Samkvæmt kaupsamningi og afsali sem álitsbeiðni fylgja keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 þann xx. september 2011. Þar er skráð að bifreiðin sé af gerðinni Toyota Avensis S/D Terra, framleiðsluár sé 2000, fyrsti skráningardagur 18. ágúst s.á. og að bifreiðinni hafi verið ekið 139.000 km. Var bifreiðin keypt í gegnum bílasöluna Z og var kaupverð kr. 650.000.

Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi ekki gefið allar upplýsingar um ástand bifreiðarinnar við gerð kaupsamnings. Álitsbeiðandi vísar í meðfylgjandi gögn og segir að seljandi hafi fengið að vita við bilanagreiningu hjá Toyota þann 18. mars 2011 að það þyrfti að skipta um sjálfskiptingu í bifreiðinni. Í staðinn hafi seljandi látið skipta um olíu á sjálfskiptingunni og látið hreinsa segulrofa sem álitsbeiðandi segir að Toyota líti á sem bráðabirgðalausn.

Álitsbeiðandi krefst aðallega riftunar á kaupsamningi en til vara að seljandi beri þann kostnað sem hlýst við að skipta um sjálfskiptingu í bifreiðinni. Telur álitsbeiðandi að um leyndan galla sé að ræða og að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi bifreiðina og vísar máli sínu til stuðnings til laga um lausafjárkaup nr. 50/2000.

Með álitsbeiðni fylgir reikningur frá Toyota dags. 18. mars 2011 þar sem fram kemur að bilunarkóða P0750 shift solenoid "A" malfunction hafi verið eytt. Um sé að ræða villu á sjálfskiptingu og skipta þurfi um skiptingu til að laga. Þá fylgir annar reikningur frá A dags. 31. mars 2011, þar sem fram kemur að tekið hafi verið undan skiptingu, segulrofar teknir úr, hreinsaðir og prófaðir og séu í lagi. Mælt hafi verið með rafkapal frá tölvu niður að skiptingu og hún sé í lagi. Fram kemur að olían á skiptingu sé mjög drullug og ljót og að segulrofi gæti hafa staðið á sér vegna skíts. Ný olía sett á skiptinguna og bifreiðin prufukeyrð og virðist í lagi. Fyrir þetta greiðir seljandi kr. 48.887.

Þá fylgir álitsbeiðni reikningur frá Toyota, dags. 30. nóvember 2011, þar sem fram kemur að bilunarkóða P0750 shift solenoid "A" malfunction hafi verið eytt. Um sé að ræða villu á sjálfskiptingu. Þá segir að það kosti um kr. 150.000 að opna skiptingu og skoða. Þá segir: „það þarf á endanum að skipta um skiptingu – það væri gott að skipta um það eru líklega plastagnir í olíu sem trufla skiptingu“. Fyrir þessa bilanagreiningu greiðir álitsbeiðandi kr. 4.635.

Þá fylgja ennfremur með álitsbeiðni ýmsir reikningar vegna viðgerða sem fóru fram í september, október og nóvember 2011 en snúa ekki að sjálfskiptingu bifreiðarinnar og telur kærunefndin því ekki þörf á að rekja þá nánar hér.

Þá fylgja einnig með álitsbeiðni bréf frá seljanda til álitsbeiðanda sem álitsbeiðandi segir að sé frá 9. desember 2011. Telur kærunefndin ekki þörf á að rekja efni þess frekar þar sem sömu atriði koma fram í andsvörum seljanda.

Loks fylgir með álitsbeiðni bréf frá seljanda til FÍB, dags. 29. desember 2011. Þar svarar seljandi bréfi sem FÍB sendi fyrir hönd álitsbeiðanda þann 20. desember 2011. Verður efni þessa bréfs rakið nánar þegar andsvör seljanda verða reifuð.

#### IV

#### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda vísar hann að mestu leyti til áður nefnds bréfs síns til FÍB, dags. 29. desember 2011. Í því bréfi vísar seljandi þeim fullyrðingum að bifreiðin hafi verið haldin verulegum leyndum göllum í skilningi laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 á bug. Þá vísar seljandi því einnig á bug að hann beri ábyrgð á þeirri bilun sem virðist hafa komið upp þar sem hann hafi ekki upplýst kaupanda um bilanagreiningu umboðsaðila Toyota á Íslandi.

Þá segir enn fremur í umræddu bréfi:

„Það upplýsist hér með að þann 29. janúar 2011 keypti ég umrædda bifreið. Þann 18. mars sl., kom upp aðvörunarljós í mælaborði bifreiðarinnar. Fór ég með bílinn í skoðun til umboðsaðila Toyota á Íslandi, sem taldi eftir 10 mínútna greiningu að sjálfskiptingin væri ónýt. Ekki var upplýst hvað væri að eða hvort hægt væri að laga bilunina. Hinsvegar var upplýst að um væri að ræða „bilunarkóða P0750 shift solenoid „A“ malfunction“.

Í meðfylgjandi upplýsingum framleiðanda bifreiðarinnar kemur fram að slík villumelding þýði ekki að sjálfskipting sé talin ónýt. Í því sambandi þurfi að skoða og hreinsa segulrofa o.s.frv., áður en slíkt mat geti legið fyrir. Það gerði umboðsaðili Toyota á Íslandi hins vegar ekki.

Í ljósi framangreinds leitaði ég mér annars álits frá viðurkenndum aðila, þ.e. A, sem er viðurkennt verkstæði á Íslandi. Þar var niðurstaðan sú að skiptingin væri óskemmd en olían orðin léleg og skítug. Í kjölfarið var skipt um olíu og segulrofar hreinsaðir. [...] Samkvæmt verkstæðinu virtist skiptingin því í lagi.

Frá 31. mars 2011 eða þegar viðgerðin átti sér stað og fram til sölundags bifreiðarinnar, þann 19. september sl., ók ég bifreiðinni milli 10-12 þúsund km, m.a. nokkrar ferðir til Hornafjarðar og Akureyrar. Á þessum tíma var ekkert sem benti til þess að skiptingin væri biluð og engin viðvörunarljós komu upp í mælaborði er gáfu það til kynna.

Þess ber að geta að bílinn var smurður á 5000 km fresti þann tíma er hann var í minni eign, auk þess sem hann var skoðaður skömmu fyrir sölnuna án þess að nokkrar athugasemdir hefðu verið gerðar. Bendir framangreint til þess að skiptingin hafi verið í góðu ásigkomulagi.

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að skömmu eftir sölnuna kom upp bilun í bílnum af öðrum ástæðum, þ.e. vegna einhverra gangtruflana. Í kjölfarið var ég sakaður af kaupanda um viljandi svik, sem ég alfarið hafnaði og mótmælti. Ég hafði hins vegar enga hugmynd að nokkuð væri að bílnum, enda var hann í góði ásigkomu lagi er ég seldi hann. Ég ákvað hins vegar, til þess að leita sátta, að taka þátt í þeim kostnaði er hlytist af við viðgerðina. Bifreiðin var öll skoðuð, þ.m.t. í tölvu til að greina viðgerðina. Ekkert kom þar fram sem benti til þess að um bilun í sjálfskiptingu hefði verið að ræða.

Í ljósi þess, er þeirri fullyrðingu alfarið hafnað sem rangri og ósannri að bilun í sjálfskiptingu hafi verið til staðar þegar kaupin áttu sér stað.“

Þá hafnar seljandi því að hann hafi ekki sinnt skyldum sínum sem seljandi í samræmi við lög um lausafjárkaup. Í því sambandi vísar seljandi til þess að ekkert hafi bent til annars en að bifreiðin svaraði til þeirra upplýsinga sem hann gaf við söluna, enda hafi seljandi ekki vitað betur en að skiptingin væri í lagi í kjölfar viðgerðarinnar. Þá kveðst seljandi ekki hafa vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina eða not hennar, enda hafði bifreiðin farið athugasemdalaust í gegnum skoðun skömmu fyrir söluna auk þess sem hálfu ári áður hafði verið gert við skiptinguna í bifreiðinni og ekkert bent til annars en hún væri í lagi. Þá hafi ástand bifreiðarinnar ekki verið til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Í því sambandi vísar seljandi til þess að bifreiðin var orðin 11 ára gömul og ekin yfir 140.000 km. Alkunna sé að rekstrarkostnaður slíkra bifreiða kunni að vera meiri, en vegna bifreiða sem séu yngri og minna eknar. Seljandi mótmælir riftuninni en til að leita sátta lýsir sig reiðubúinn til þess að koma að einhverju leyti til móts við kaupanda varðandi viðgerðarkostnað.

Í andsvörum seljanda áréttir seljandi það sem áður hafði komið fram í bréfi sínu til FÍB. Kveðst seljandi hafa verið í góðri trú um að sú viðgerð sem framkvæmd var af hálfu A hefði verið fullnægjandi þannig að sjálfskipting væri í góðu ásigkomulagi líkt og fram kom á kvittun fyrir viðgerðinni. Ekkert benti til þess að skipting væri biluð eða haldin galla. Hefði skiptingin ekki verið í lagi fram að sölu kveðst seljandi að málið kynni að líta öðrum augum við, en svo var ekki. Var því ekkert sem benti til þess að bifreiðin hefði verið haldin leyndum göllum og þá að seljandi hafi haldið slíkum göllum leyndum með sviksamlegum hætti. Hafnar seljandi því kröfu um riftun en áréttar þó að hann sé reiðubúinn til að mæta álitsbeiðanda í viðgerðarkostnaði vegna skiptingarinnar sé það til þess að ljúka megi málinu í sátt. Í því felist þó ekki viðurkenning á því að bifreiðin hafi verið haldin galla eða seljandi hafi vanrækt skyldur sínar við kaupin.

Telur seljandi eðlilegt að aðilar skipti með sér kostnaði. Í því sambandi telur seljandi þó m.t.t. allra aðstæðna og atvika að alls meðalhófs verið gætt í því sambandi og fundin verði notuð sjálfskipting í góðu ásigkomulagi á partasölu til viðgerðarinnar.

## V

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1.- 3. mgr. 1. gr. laganna, en viðskiptin fóru fram í gegnum bílasölu.

Líkt og framan er rakið keypti álitsbeiðanda bifreiðina xx-000 þann xx. september 2011 fyrir kr. 650.000. Bifreiðin er árgerð 2000 og hafði á kaupdegi verið ekið 139.000 km. Bifreiðin var því 11 ára á kaupdegi.

Í áðurnefndum kaupsamningi milli aðila segir m.a. eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 17. gr. neytendakaupalaga, en þar segir:

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Ef notaðir hlutir eru seldir á uppboði þar sem neytandi hefur haft möguleika á að vera viðstaddur gilda ákvæði 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a-lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekkert bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga. Í því sambandi ber einkum að líta til þess að alls óvíst er að seljandi hafi haft vitneskju um þá galla sem álitsbeiðandi telur vera á bifreiðinni þar sem seljandi stóð í þeirri trú að viðgerð sem framkvæmd var á sjálfskiptingunni þann 31. mars 2011 hefði verið fullnægjandi. Verður því vart álitid sem svo að vanræksla hafi átt sér stað í þessu tilliti og því ekki um galla að ræða í skilningi 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið til muna verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. neytendakaupalaga.

Álitsbeiðandi telur það vera galla á bifreiðinni að bilun hafi komið upp í sjálfskiptingu bifreiðarinnar rúmum tveimur mánuðum eftir kaup. Ekkert kemur fram í gögnum málsins hvort álitsbeiðandi nýtti sér þann möguleika að láta óháðan aðila meta ástand bifreiðarinnar fyrir kaup en samkvæmt kaupsamningi og afsali fór bifreiðin í gegnum lögbundna aðalskoðun þann 6. september 2011.

Í ljósi þess að umrædd bilun kom fram aðeins rúmum tveimur mánuðum eftir kaup og leitt hefur verið í ljós að sami bilunarkóði hafði áður komið á tölvu bifreiðarinnar þann 18. mars 2011 er það mat kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa að umræddur galli hafi verið til staðar við sölu bifreiðarinnar. Ekkert bendir þó til að seljandi hafi verið grandsamur um bilunina og virðist því hafa komið fram í góðri trú í málinu. Í því sambandi ber einkum að líta til þess að framkvæmd var bilanagreining og viðgerð á bifreiðinni vegna gangtruflana í lok september og kom þar ekkert fram um bilun í sjálfskiptingu.

Af framangreindu verður að telja að ástand bifreiðarinnar að þessu leyti hafi verið til muna verra en álitsbeiðandi mátti ætla, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. neytendakaupalaga. Verður því að líta svo á að bifreiðin hafi verið haldin galla og eigi því álitsbeiðandi úrbótarétt á hendur seljanda vegna þessa, sbr. ákvæði 26. gr. laganna. Kærunefndin telur að kvartanir álitsbeiðanda hafi komið fram í samræmi við ákvæði 27. gr. laganna.

Álitsbeiðandi krefst aðallega riftunar á kaupsamningi en til vara að seljandi beri þann kostnað sem hlýst við að skipta um sjálfskiptingu í bifreiðinni. Í 32. gr. neytendakaupalaga segir að í stað afsláttar skv. 31. gr. geti neytandi rift kaupum nema galli sé óverulegur. Við ákvörðun þess hvort að um verulegan galla sé að ræða verður að fara fram ákveðið heildarmati þar sem m.a. verði að líta til atvika máls og hvort unnt sé að bæta úr gallanum eða ekki. Þegar gögn málsins og samskipti aðila á fyrri stigum eru skoðuð, má sjá að seljandi tekur fram að hann sé reiðubúinn til að koma til móts við álitsbeiðanda varðandi viðgerðarkostnað. Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa álitur að eins og mál þetta lítur út í heild sinni sé ekki tilefni til riftunar kaupsamningsins.

Á varakröfu álitsbeiðanda verður að líta sem skaðabótakröfu og er það álit kærunefndarinnar að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda bætur vegna galla, sbr. 33. gr.

neytendakaupalaga. Við ákvörðun bóta verður engu að síður að hafa í huga að þegar bifreiðin var keypt var hún 11 ára og hafði verið ekið 139.000 km. eftir því sem fram kemur í kaupsamningi. Bifreiðin var því komin vel til ára sinna.

Niðurstaða málsins er því sú að seljandi skuli taka þátt í greiðslu kostnaðar vegna viðgerðar á bifreiðinni. Þykir nefndinni rétt að seljandi greiði álitsbeiðanda kr. 100.000 vegna þessa.

## VI

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 100.000.

---

Áslaug Árnadóttir

---

Lárus M.K. Ólafsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir